

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 147 30. desember 1955,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

Fjórði töluliður B-liðs í 34. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi, þá af matsverði, sem ákveðið er af 2 mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 24. maí 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigr. Klemenzson.

Nr 87.

27. maí.

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrók, nr. 67 14. maí 1949.

1. gr.

29. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Skip og bátar, sem eru eign búsettra manna á Sauðárkróki og skrásett þar eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutninga, þó ekki millilandasiglinga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Sauðárkróki a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald sem hér segir:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald kr. 130.00 og auk þess kr. 37.50 á hverja brúttórúmllest.

Dilfarsbátar greiði lágmarksgjald kr. 260.00 og auk þess kr. 37.50 á hverja brúttórúmllest. Fari þessi skip millilandaferðir, verða þau gjaldskyld undir d-lið þessarar greinar og má þá endurgreiða nefnt gjald hlutfallslega fyrir þann tíma, sem millilandaferðin tekur eða ferðirnar, ef þeim er haldið áfram óslitið.

- b. Innland fiskiskip greiða kr. 1.00 fyrir hverja brúttórúmllest, í hvert skipti, er þau koma til hafnar.
- c. Strandferðaskip, sem að staðaldri eru í strandferðum, eftir fastri fyrirfram auglýstri áætlun, greiða kr. 0.80 fyrir hverja nettórúmllest.
- d. Öll önnur skip greiði kr. 1.50 á hverja nettórúmllest, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegrar rannsóknar og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, svo og vitaskip ríkissjóðs.

2. gr.

30. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Öll skip, sem til hafnarinnar koma á tímabilinu 1. ágúst til 15. maí og um getur í 29. gr., skulu greiða ljósagjald þannig: